

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 þriðjudaginn 16. nóvember 2021, Hótel Laugarbakka

Mættir stjórnarmenn: Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður og Tómas Árdal varamaður. Viggó Jónsson formaður og Guðmundur Þór Birgisson boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

## Dagskrá:

### 1. Vetrarþjónusta á vegum að ferðamannastöðum

Framkvæmdastjóri fór yfir skort á vetrarþjónustu, meðal annars á Dettifossvegi, lokunum á vegum og skort á upplýsingum og samtali við ferðarþjónustuna. Umræður.

*Stjórn Markaðsstofu Norðurlands telur óásættanlegt að vetrarþjónustu á vegum að ferðamannastöðum á Norðurlandi sé jafn ábótavant og raun ber vitni. Ástandið er í hróplegu ósamræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að jafna árstíðasveiflu í ferðarþjónustu. Ferðarþjónustan hefur upplifað mikil áföll undanfarin misseri og ríður á að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir viðspyrnu í greininni, enda eykur góð vetrarþjónusta líkurnar á verðmætasköpum í ferðarþjónustu. Skortur á vetrarþjónustu stofnar öryggi vegfaranda í óþarfa hættu og ætti að vera forgangsmál að bæta þar úr til að tryggja öryggi og upplifun gesta og íbúa. Stjórn Markaðsstofu Norðurlands skorar á ríkisvaldið að bæta til muna vetrarþjónustu á vinsælum ferðamannastöðum á svæðinu og horfa þar sérstaklega til nýopnaðs Demantshrings og Vatnsnesvegjar að Hvítserk.*

### 2. Umræður um stefnumótun MN

Framkvæmdastjóri óskaði eftir viðbrögðum frá stjórn um nýafstaðna vinnu við stefnumótun MN.

*Stjórn lýsti yfir ánægju með vinnuna og fól framkvæmdastjóra að vinna forgangsröðun helstu verkefna byggt á gögnum úr stefnumótunarvinnunni.*

### 3. Önnur mál

Álfhildur kvaddi sér hljóðs og fór yfir nokkrar ábendingar til stjórnar eftir að hafa tekið samtöl við ferðarþjónustuaðila í Skagafirði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 12:00

Fundarritari HPP